

Skrifstofa fjármálamarkaðar
Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2023
E-2023-280/00.11

Umsögn um reglugerð um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar mál nr. 227/2023

Landsvirkjun vísar til máls nr. 227/2023 sem auglýst er til samráðs í samráðsgátt stjórnvalda en um er að ræða drög að reglugerð um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Landsvirkjun hefur kynnt sér efni reglugerðarinnar og þakkar tækifærið til samráðs.

Landsvirkjun hefur fylgst náið með framgangi flokkunarreglugerðar ESB (e. Taxonomy) sem öðlaðist gildi hér á landi 1. júní sl. með lögum 25/2023, en þá voru innleidd í íslenskan rétt ákvæði reglugerðar ESB nr. 2020/852, um að koma á ramma til að auka gegnsæi, samræma upplýsingagjöf og greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu. Landsvirkjun telur innleiðingu flokkunarreglugerðar ESB, og tengdra reglugerða sem útfæra hana nánar, jákvæða og til þess fallna að stuðla að frekari sjálfbærni atvinnulífsins almennt. Fyrirtækið fagnar þannig hraðri málsmeðferð ráðuneytisins en bendir þó á að ekki hafi farið fram mat á því hvaða áhrif innleiðing á ofangreindum reglugerðum mun hafa á innlenda hagsmuni.

Um mikilvægt mál er að ræða með langan aðdraganda hjá Evrópusambandinu en Landsvirkjun hefur áður gert athugasemd varðandi skort á aðlögunartíma hérlandis. Fyrirtækið benti á að þegar flokkunarreglugerðin var innleidd í Evrópu var veittur aðlögunarfrestur sem nam einu til tveimur árum eftir gildistöku laganna og áfangaskiptri upplýsingaskyldu. Landsvirkjun ítrekar þá skoðun að rétt og eðlilegt sé að jafnræðis sé gætt og að sami aðlögunartími eigi við á Íslandi og hjá aðildarríkjum ESB, óháð því hvort láðst hafi að tiltaka slíkan aðlögunartíma í ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar. Um umfangsmiklar kröfur er að ræða sem fela í sér þung sektarákvæði og innleiðing krefst eðlilega tíma og fjármuna.

Þörf er á að skýra betur hvernig íslensk fyrirtæki uppfylla tæknileg matsviðmið framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnar (ESB) 2021/2139

Landsvirkjun hefur áður bent á að í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 megi finna tæknileg matsviðmið til ákvörðunar á því hvort atvinnustarfsemi teljist stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum, og til þess að ákvarða hvort atvinnustarfsemin valdi umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum umhverfisþáttum. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 8. júlí 2022 nr. 218/2022 og íslensk stjórnvöld innleiddu hana 1. júní 2023.

Landsvirkjun hefur metið sem svo að eftirfarandi flokkar hinnar framseldu reglugerðar eigi við um starfsemi fyrirtækisins: 4.3 Raforkuframleiðsla úr vindorku; 4.5 Raforkuframleiðsla úr vatnsorku; og 4.6 Raforkuframleiðsla úr jarðvarmaorku.

Af lögum nr. 25/2023 leiðir að Landsvirkjun þarf að setja fram viðeigandi upplýsingar um starfsemina, sem fellur undir framangreinda flokka, í næsta ársreikningi félagsins, þ.e. í upphafi árs 2024. Við undirbúningsvinnu fyrirtækisins hefur hins vegar komið í ljós að framangreind framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2021/2139, sem öðlaðist gildi á Íslandi 1. júní 2023, vísar til gerða Evrópusambandsins sem ekki falla undir gildissvið EES-samningsins og hafa því ekki verið innleiddar í íslenskan rétt. Þetta veldur óvissu um hvaða matsviðmið Landsvirkjun ber að leggja til grundvallar til að sýna fram á hvernig starfsemi fyrirtækisins mætir tilsettum kröfum.

Undir tæknilegum matsviðmiðum sem snúa að því að valda ekki umtalsverðu tjóni m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni og

fjallað er um í viðbæti D við hina framseldu reglugerð 2021/2139 segir til dæmis:

„Að því er varðar staði/starfrækslu sem er(u) á eða nálægt svæðum sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni (þ.m.t. Evrópunet verndarsvæða, heimsminjastaðir UNESCO og lykilsvæði líffræðilegrar fjölbreytni sem og önnur vernduð svæði) hefur viðeigandi mat (3), eftir atvikum, farið fram og nauðsynlegum mótvægisráðstöfunum (4) verið komið í framkvæmd á grundvelli niðurstaðna þess.“

Í 3. neðanmálsgrein er fjallað um „viðeigandi mat“, í framangreindum skilningi, en þar segir:

„Í samræmi við tilskipanir 2009/147/EB og 92/43/EBE. Að því er varðar starfsemi í þriðju löndum, í samræmi við jafngild, gildandi landslög eða alþjóðlega staðla, sem miðar að því að varðveita náttúruleg búsvæði, villt dýr og villtar plöntur og þar sem gerð er krafa um framkvæmd 1) skimunaraðgerðar til að ákvarða hvort þörf er á, að því er varðar tiltekna starfsemi, viðeigandi mati á hugsanlegum áhrifum á vernduð búsvæði og tegundir, 2) slíks viðeigandi mats þegar skimunin sýnir að þess sé þörf, t.d. frammistöðustaðall Alþjóðalánastofnunarinnar nr. 6: Biodiversity Conservation and Sustainable Management of Living Natural Resources (varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbær stjórnun lifandi náttúruauðlinda).“

Þær gerðir sem þarna er vísað til, þ.e. annars vegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB, um verndun villtra fugla, og hins vegar svonefnd vistgerðartilskipun ráðsins 92/43/EBE, hafa ekki verið teknar upp í EES-samninginn og ekki verður séð að það standi til, enda standa þær utan málefnasviðs hins sameiginlega innri markaðar. Ekki er því unnt að segja til um hvort „viðeigandi mat“ hafi farið fram hér á landi á grundvelli þessara tilskipana. Þar að auki er óljóst hvaða gildandi landslög eða alþjóðlegu staðlar teljast jafngildir þeim matsviðmiðum sem tilgreind eru í tilskipunum.

Annað dæmi sem vert er að nefna í þessu samhengi lýtur að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma ESB um stefnu í vatnamálum, sem oft er nefnd vatnatilskipun ESB. Ólíkt framangreindum tilskipunum hefur vatnatilskipunin verið tekin upp í EES-samninginn og innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Landsvirkjun bendir á að þó að innleiðing tilskipunarinnar hafi átt sér stað með setningu framangreindra laga þá sé enn talsvert í land þar til ákvæði laganna komi til fullra framkvæmda og hefur það skapað íslenskum fyrirtækjum óvissu í innleiðingu.

Landsvirkjun hvetur stjórnvöld til að skýra betur fyrir fyrirtækjum hvernig leyst skuli úr málum þegar íslensk löggjöf og innleiðing hennar skarast á við kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja skv. flokkunarreglugerð Evrópusambandsins.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni